

Nd.

789. Frumvarp til laga

[323. mál]

um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

Flm.: Friðrik Sophusson, Árni Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinnsson.

1. gr.

Á eftir 12. tl. 2. gr. laganna komi nýr töluliður, nr. 13, er hljóði svo:
Aðföng (hráefni, hjálparefni, rekstrarvörur, umbúðir, vélar, tæki, þ. m. t. flutningatæki til flutninga innan verksmiðjulóða, hlutar til véla og tækja, áhöld hvers konar og varahlutir) þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu (viðgerðir og verktöku), sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur, sem komið getur í stað innlendra vöru eða þjónustu samkvæmt almennu mati notenda viðkomandi vöru. Samkvæmt skilningi þessa töluliðar merkir orðið gjöld í tollskrá toll, söluskatt, vörugjald og jöfnunargjald eftir því sem við á.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneyti og samtök iðnaðarins.

2. gr.

12. tl. 3. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 100. löggjafarþinginu 1978—1979 fluttu alþingismennirnir Friðrik Sophusson, Árni Gunnarsson, Ingvar Gíslason og Kjartan Ólafsson frumvarp til laga um breytingu á lögum um tollskrá o. fl., sem var samhljóða þessu frumvarpi. Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar fjallaði þá ítarlega um málið og varð sammála um svohljóðandi nefndarálit:

„Nefndin hefur rætt frumvarpið og fékk til fundar við sig ráðuneytisstjóran í fjármálaráðuneytinu og veitti hann ýmsar upplýsingar.

Tilgangur frumvarpsins er að fella endanlega niður greiðslu aðflutningsgjalda af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu, sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur sem komið getur í stað innlendra vöru eða þjónustu, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu.

Nefndin er sammála um að markmiði þessu þurfi að ná. Efni frumvarpsins er nánast samhljóða niðurstöðu samstarfsnefndar um iðnaðarmál, en sú nefnd hefur starfað á vegum iðnaðarráðuneytis. Flutningsmenn frumvarpsins eru þingmenn úr öllum þingflokkum. Því sýnist viðtæk samstaða vera um efni frumvarpsins.

Þar sem nefndinni er ljóst, að ýmsir framkvæmdaörðugleikar muni verða við framkvæmd slíks ákvæðis í lögum, eins og frumvarpsgreinin er orðuð, leggur nefndin

til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, sem sjái um að frumvarp verði samið um þetta efni og flutt á næsta þingi, þar sem því verði best tryggð örugg framkvæmd málsins“.

Á þessa tillögu fjárhags- og viðskiptanefndar féllst neðri deild Alþingis.

Frumvarp það, sem ríkisstjórninni var falið að semja, hefur aldrei verið lagt fyrir Alþingi og er málið enn þá óleyst. Endurskoðun sú á auglýsingu nr. 284/1978 um niðurfellingu og endurgreiðslu tolls og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sem gerð var um s.l. áramót, náði ekki heldur að koma þessum málum í það horf, sem upphaflega frumvarpið stefndi að.

Samtök iðnaðarins hafa mjög kvartað yfir framkvæmd þessara mála og bent á, að íslenskur iðnaður þurfi enn að greiða ýmis aðflutningsgjöld af aðföngum sínum þrátt fyrir að aðlögunartímanum að EFTA og samningnum við EBE sé nú lokið fyrir rúmu ári. Flutningsmenn frumvarpsins nú telja því eðlilegt að málið sé tekið upp á nýjan leik á Alþingi.

Tilgangur frumvarpsins.

Tilgangur frumvarpsins er að fella endanlega niður greiðslu aðflutningsgjalda (tollur, söluskattur, vörugjald, jöfnunargjald) af aðföngum (hráefni, hjálparefni, rekstrarvörur, umbúðir, vélar, tæki, þ. m. t. flutningatæki til flutninga innan verk-smiðjulóða, hlutar til véla og tækja, áhöld hvers konar og varahlutir) þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu (viðgerðir og verktöku), sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur, sem komið getur í stað innlendra vöru eða þjónustu samkvæmt almennu mati notenda viðkomandi vöru.

Í 3. gr. laga um tollskrá, nr. 120/1976, er fjallað um undanþágu- og lækkunarheimildir. Þar segir í 12. tl. að fjármálaráðuneytinu sé heimilt:

„Að endurgreiða eða fella niður gjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkv. ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), svo og af vélum, vélahlutum og varahlutum sem notaðir eru til aðvinnslu sömu vara. Jafnframt að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið og samtök iðnaðarins.“

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessi grein breytist og hún flytjist í 2. gr., sem ber yfirskriftina „Tollfrjáls innflutningur“, og verði þar 13. tl.

Upplýsinga um þetta mál var aflað hjá Félagi íslenskra iðnrekenda og Landsambandi iðnaðarmanna.

Túlkun og framkvæmd nógildandi skipunar.

Á aðlögunartímanum vegna inngöngunnar í EFTA voru aðflutningsgjöld af aðföngum samkeppnisiðnaðar smám saman felld niður að mestu. Var þetta í fyrsta lagi gert með beinni niðurfellingu aðflutningsgjalda í tollskrá af þeim tollskrárnúmerum, sem aðföng iðnaðar féllu undir, og í öðru lagi með heimildarákvæðum í tollskrá og fjárlögum.

Enn eru þó mörg dæmi um að fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisiðnaði er gert að greiða aðflutningsgjöld af aðföngum sínum og veldur þar eftirfarandi mestu:

1. Aðföngin falla í svokölluð blönduð tollskrárnúmer, þ. e. aðföng iðnaðar falla í tollskrárnúmer, sem að verulegu leyti innifela vöru til annarra notenda en iðnfyrirtækja. Hefur því ekki verið talið fært að fella niður toll í viðkomandi tollskrárnúmerum vegna tekjuskjónarmiða ríkissjóðs.

2. Túlkun fjármálaráðuneytisins á 12. tl. 3. gr., bæði hvað snertir gildissvið aðfanga og skilgreiningu samkeppnisiðnaðar, er of þröng til að tölulíðurinn nái því að heimila niðurfellingu allra aðflutningsgjalda til samkeppnisiðnaðar. Túlkun fjármálaráðuneytisins hefur verið birt í auglýsingu um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, nú síðast auglýsingu nr. 8 frá 2. janúar 1981.

Með þessu frumvarpi næðist það endanlega markmið, sem að hefur verið stefnt, að fella niður að fullu aðflutningsgjöld af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja, sem eiga í samkeppni við innflutning eða selja vörur á erlendan markað.

Í álit Samstarfsnefndar um iðnaðarstefnu, sem er fylgiskjal með þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um iðnaðarstefnu, kemur fram mikill stuðningur við þetta frumvarp og formaður nefndarinnar hefur lýst yfir stuðningi við efni frumvarpsins. Í álit Samstarfsnefndarinnar á bls. 64 segir m. a.: „Sá þáttur aðbúnaðarmálanna, sem verið hefur hvað umdeildastur, er álagning aðflutningsgjalda af fjárfestingarvörum og rekstrarvörum iðnaðar í samkeppni við tollfrjálsan innflutning. Afnáam aðflutningsgjalda af samkeppnisiðnaði hefur þótt sjálfsagt réttlætismál, en gætt hefur vaxandi íhaldssemi hjá fjármálaráðuneyti og tollayfirvöldum í túlkun þeirra laga og reglna, sem þar um ræðir. Veldur framkvæmd tollalaga í þessu tilfelli stöðugum erfiðleikum og verða iðnfyrirtæki enn að greiða allhárar upphæðir til hins opinbera fyrir vörur sem ættu að vera undanþegnar slíkum gjöldum.“

Á þingskjölum 312, 313 og 314 eru stjórnarfrumvörp um sjóefnavinnslu á Reykjanesi, steinullarverksmiðju og stálbræðslu. Í öllum frumvörpunum er að finna eftirfarandi ákvæði:

„Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.“

Þegar ríkisstjórnin fær lagaheimild til að geta tekið þátt í iðnrekstri þykir henni nauðsynlegt að fá niðurfellingu gjalda. Viðhorf ríkisstjórnarinnar er eðlilegt miðað við núverandi lagaákvæði og framkvæmd tollskrárlaga. En af hverju þurfa opinber og hálfopinber fyrirtæki að láta setja sérstök lög fyrir sig? Væri ekki ráð að láta sömu lög ganga yfir allan iðnað? Það er tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps.

Hér á eftir eru birt sem fylgiskjöl bréf, sem skýra framkvæmd tollskrárlaga og auglýsingar fjármálaráðuneytisins nr. 8/1981.

Einstök dæmi um núverandi skipan.

Eftirfarandi upptalning gefur hugmynd um núverandi aðflutningsgjöld af ýmsum aðföngum iðnaðar. Í I eru mismunandi flutningatæki og í II eru örfá dæmi um önnur aðföng:

I. Flutningatæki

Heiti:	Tollnr.	Tollur %	Vörugj. %	Sölusk. %	Jöfn.gj. %
1. Gaffallyftari (sjálfknúinn)	87.07.11	18	1)	25.85	
2. Gaffallyftari (handknúinn)	84.22.79	35	24	25.85	
3. Heyblásarar	84.22.31	6/2		25.85	3
4. Aðrir blásarar (fyrir ull og pappír)	84.22.39	35	24	25.85	
5. Handvagnar	87.14.31	30		25.85	
6. Vörulyftur	84.22.41	40	24	25.85	

II. Önnur dæmi

1. Kókosfeiti	15.12.03	15 ²⁾		25.85	
2. Síróp	17.02.03	70	24	25.85	
3. Rakajöfnunarkerfi	84.12.00	11/2	24	25.85	3
4. Álpynnur	76.04.00	0		25.85	
5. Tölvur o. þ. h.	84.53.10/60	7	24	25.85	
6. Kælieimarar	84.15.42	35	24	25.85	
7. Ölkassar	39.07.11	11/4		25.85	3
8. Gosdrykkjaflöskur	70.10.01	0		25.85	

1) Fellt niður skv. ákv. fjármálaráðherra, dags. 1. október 1978.

2) Tollur felldur niður til sælgætis-, kex- og brauðgerðar með sérstakri auglýsingu nr. 577, dags. 24. nóv. 1980.

Þáttur í tæknivæðingu og lækun vöruverðs.

Á síðustu árum hefur mikið verið rætt um nauðsyn framleiðniaukningar á Íslandi. Margir eru hræddir við notkun þessa orðs, þar sem þeir telja framleiðniaukningu hafa í för með sér ómannúðlega meðferð vinnuafls og framleiðslu framleiðslunnar vegna. Hér er um mikinn misskilning að ræða, þar sem framleiðniaukning getur og á að hafa í för með sér aukin lífsgæði, hærri laun og bætt vinnuskilyrði.

Eitt af þeim atriðum, sem bér á landi hafa staðið í vegi fyrir aukinni framleiðni, eru há aðflutningsgjöld á tækjum til flutninga innan verksmiðja. Afleiðing þessa er sú, að vörur eru fluttar til með handafli eða á annan frumstæðan hátt, sem krefst verulegrar áreynslu af hálfu starfsmanna. Með nútíma flutningatækjum, svo sem lyfturum, færriböndum og hlaupaköttum, má auðvelda þessa flutninga til muna. Minnkað líkamlegt álag á starfsmenn bætir vinnuaðstöðuna og starfsmenn eyða meiri tíma við framleiðslu og við það eykst framleiðnin.

Af þessu er ljóst að rétt er að hvetja fyrirtæki til að koma sér upp nútíma flutningskerfum, en það má gera með niðurfellingu aðflutningsgjalda á slík tæki. Enn fremur má benda á að niðurfelling aðflutningsgjalda hlýtur að lækka vöruverðið og kemur því neytendum til góða.

Með sama hætti er mikilvægt að hvetja fyrirtæki til að hagnýta sér tölvur. Á örfáum árum hafa tölvur rutt sér til rúms í atvinnulífi víða um heim, og nú er svo komið að tölvunotkun skiptir sköpum í rekstri margra fyrirtækja. Íslensk fyrirtæki verða að nýta sér tölvutæknina í síauknum mæli á næstu árum og hlýtur niðurfelling aðflutningsgjalda af tölvum að vera verulegur hvati í þá átt.

Tekjutap ríkissjóðs.

Erfitt er að áætla hugsanlegt tap ríkissjóðs, ef frumvarpið nær fram að ganga. Talnalegar upplýsingar um innflutning eftir tollskrárnúmerum eru fyrir hendi, en þau aðföng, sem hér um ræðir, falla undir tollskrárnúmer, sem að verulegu leyti innifela vörur til annarra notenda en iðnfyrirtækja. Af þessum sökum er torvelt að fá upplýsingar um innflutt aðföng til iðnaðar í þessum tollskrárnúmerum, en það talnaefni verður að liggja fyrir, ef unnt á að vera að reikna út tekjutap ríkissjóðs.

Þegar lítið er yfir þá vöruflokka, sem þetta frumvarp snertir, er ljóst að ríkissjóður missir ekki stóran spón úr aski sínum, þótt hann verði af þessum tekjum. Bæði er um tiltölulega fá tollskrárnúmer að ræða og lítinn innflutning aðfanga til iðnaðar í hverju tilviki. Þessi aðflutningsgjöld skipta ríkissjóð því óverulegu máli, en þar sem þau leggjast mjög ójafnt á iðnaðarfyrirtæki geta þau bitnað illa á einstökum fyrirtækjum og iðngreinum. Þá má ennfremur benda á að öflun þessara tekna hefur kostað ótaldar vinnustundir starfsmanna ráðuneyta og fyrirtækja á s.l. árum. Loks má einnig minna á að með niðurfellingu aðflutningsgjaldanna samkv. þessu frumvarpi er einungis verið að stíga lokaskref á þeirri braut sem mörkuð var með inngöngunni í EFTA.

Fylgiskjal I.

Hr. Sígurður Jónsson
Fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

27.01.1981

Fyrir hönd Kassagerðar Reykjavíkur hf. fer Félag íslenskra iðnrekenda fram á, að felld verði niður aðflutningsgjöld (tollur, vörugjald og söluskattur eftir því sem við á) af varahlutum o. fl. skv. meðfylgjandi listum

Óskað er eftir niðurfellingu á:

1. Varahlutum í rafmótor er knýr bylgjuvél fyrirtækisins sem í eru framleiddir bylgjuþappakassar, m. a. utan um fisk.
2. Varahlutum í prentvél fyrirtækisins er prentar og stansar öskjur fyrir frystan fisk.
3. Framleiðsluteljara fyrir vél er brýtur og límir umbúðir.

Eins og yður er kunnugt, er Kassagerð Reykjavíkur hf. einn stærsti framleiðandi hér á landi á alls konar umbúðum úr pappa. Verulegur hluti framleiðslunnar eru umbúðir utan um frystan fisk til útflutnings.

Jafnframt er rétt að benda á, að aðflutningsgjöld hafa verið felld niður af beim vélum, sem hér er verið að kaupa varahluti í. Enn fremur, að engin aðflutningsgjöld eru á sams konar innfluttri vöru og fyrirtækið framleiðir.

F.Í.I. fer því fram á, að ráðuneytið felli niður aðflutningsgjöld að upphæð kr. 100 188 er skiptist:

Tollur, samt.	kr. 13 356.00
Vörugjald, samt.	— 37 178.00
Söluskattur, samt.	— 49 654.00
Samtals	kr. 100 188.00

Virðingarfyllt,
Félag íslenskra iðnrekenda
Þórarinn Gunnarsson,
skrifstofustjóri.

Fylgiskjal II.

Félag íslenskra iðnrekenda
Pósthólf 1407, Reykjavík.

Ráðuneytið hefur haft til athugunar erindi félagsins, dags. 27. janúar sl., þar sem þess er farið á leit, að aðflutningsgjöld og söluskattur verði felld niður vegna innflutnings Kassagerðar Reykjavíkur hf. á nánar tilgreindum vara- og vélahlutum.

Til svars erindinu tekur ráðuneytið fram, að eins og félaginu er kunnugt um gaf ráðuneytið út um síðast liðin áramót auglýsingu nr. 8/1981 um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða söluskatts af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sbr. hjálagað eintak af sérprentun hennar. Með útgáfu auglýsingar þessarar var af ráðuneytisins hálfu tekin ákvörðun um nánari framkvæmd heimildarákvæða þeirra sem er að finna í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og lið 4.1 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1981. Samkvæmt 1. gr. auglýsingarinnar, sbr. 4. gr., nær niðurfelling eða endurgreiðsla gjalda einungis til þeirra véla, tækja, vélahluta og varahluta, sem flokkast undir eitthvert þeirra tollskrárnúmera sem þar eru upp talin, og er eigi gert ráð fyrir að undanþágur séu veittar varðandi vörur sem eigi uppfylla þetta skilyrði. Með því að hér umrædd vara fellur eigi undir 1. gr. nefndrar auglýsingar telur ráðuneytið sér eigi fært að óbreyttum reglum að verða við fram kominni beiðni félagsins sem hér með er synjað.

Afrít af bréfi þessu er sent Kassagerð Reykjavíkur hf.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.
Sigurgeir Jónsson

Fylgiskjal III.

Fiármálaráðuneytið
Arnarhvoli
Reykjavík

Ísafirði, 3.3. 1981.

Málefni: Umsókn um niðurfellingu aðflutningsgjalda af þróunarkerfi.

Hér með er þess farið á leit, að aðflutningsgjöld af þróunarkerfi fyrir örtölvur verði felld niður.

Umrætt kerfi hefur verið nantað og vísast til hiálagaðra upplýsinga.

Oss er kunnugt um að aðflutningsgjöld voru felld niður af hliðstæðu kerfi, er Kúlulegasalan h.f. flutti inn til sömu nota.

Virðingarfyllst,
pr. pr. Póllinn hf.

Ásgeir Erling Gunnarsson.

Fylgiskjal IV.

Póllinn h.f.
Pósthólf 91
400 Ísafjörður.

11. mars 1981.

Ráðuneytið hefur móttakið erindi fyrirtekisins, dags. 3. mars sl., þar sem þess er farið á leit, að aðflutningsgjöld og söluskattur verði felld niður vegna innflutnings fyrirtekisins á svonefndu þróunarkerfi fyrir örtölvur.

Til svars erindinu tekur ráðuneytið fram, að um síðast liðin áramót gaf ráðuneytið út auglýsingu nr. 8/1981 um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða söluskatts af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sbr. hiálagað eintak af sérprentun hennar. Með útgáfu auglýsingar þessarar hefur ráðuneytið tekið ákvörðun.

un um nánari framkvæmd heimildarákvæða þeirra sem er að finna í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og lið 4.1 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1981. Samkvæmt 1. gr. auglýsingarinnar, sbr. 4. gr., nær niðurfelling eða endurgreiðsla gjalda einungis til þeirra véla, tækja, vélahluta og varahluta, sem flokkast undir eitthvert þeirra tollskrárnúmera sem þar eru upp talin, og er eigi gert ráð fyrir að undanþágur séu veittar varðandi vörur sem eigi uppfylla þetta skilyrði. Með því að hér umrædd vara fellur eigi undir 1. gr. nefndrar auglýsingar telur ráðuneytið sér eigi fært að óbreyttum reglum að verða við fram kominni beiðni fyrirtækisins sem hér með er synjað.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.
Sigurðeir Jónsson

Fylgiskjal V.

Hr. fjármálaráðherra
Ragnar Arnalds
Fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

02.04.1981

Félag íslenskra iðnrekenda mótmælir hér með harðlega synjun ráðuneytisins á niðurfellingu aðflutningsgjalda af aðföngum til fyrirtækianna Pólsins hf. á Ísafirði og Kassagerðar Reykjavíkur hf., sem fram kemur í meðfylgjandi ljósriti.

Þegar auglýsing um aðflutningsgjöld af aðföngum til iðnaðar nr. 8/1981 var gefin út, var í fréttatilkynningu ríkisstjórnarinnar talið að í auglýsingunni fælust miklar hagsbætur fyrir iðnaðinn. Ljóst er hins vegar af bréfum ráðuneytisins varðandi mál Pólsins hf. og Kassagerðar Reykjavíkur hf., að túlkun ráðuneytisins á heimildarákvæðum þeim, sem er að finna í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., hefur verið þrengd til muna. Þá er einnig nauðsynlegt að vekja athygli á því, að eftir því sem okkur er tjáð mun ráðuneytið hafa fellt niður aðflutningsgjöld af hliðstæðu þróunarkerfi og Póllinn hf. er að flytja inn, þegar annað fyrir-
tæki átti í hlut.

Félag íslenskra iðnrekenda fer þess hér með á leit við yður. hr. fjármálaráðherra, að synjun ráðuneytisins á framangreindum málum verði dregin til baka nú þegar og þess í stað verði umrædd niðurfelling aðflutningsgjalda heimilud.

Virðingarfyllst,
Félag íslenskra iðnrekenda,
Valur Valsson,
framkvæmdastjóri.